

Drykkur sem virkar vel á ýmsa kvilla og ís sem lækkar kólesteról

Eftir Ingibjörgu Gunnarsdóttur

Nú hægt að fá sérstakan engiferdrykk á Íslandi sem virkar vel á ýmsa kvilla hjá fólki og má þar helst nefna gigt, astma, mígreni, tíðaverki, flensu og hálsbólgu, sykurfíkn, bólgur, sogæðakerfið og ýmis húðvandamál. Þar að auki eykur drykkurinn brennslu sam-



Ingibjörg Gunnarsdóttir

kvæmt auglýsingu. Nýlega var einnig opnuð ný ísbúð þar sem hægt er að fá jógúrtis sem getur lækkað kólesteról, styrkt ónæmiskerfið og stuðlað að heilbrigðum meltingarvegi. Í annarri ísbúð á höfuðborgarsvæðinu má einnig finna mjólkurhristing sem er góður fyrir sjónina. Allt eru þetta heilsufullyrðingar sem ekki eiga við rök að styðjast og eru þar að auki óleyfilegar. Af hverju er þetta látið viðgangast?

Allt þar til í apríl á þessu ári voru hvers kyns heilsufullyrðingar á umbúðum, í auglýsingum eða kynningu matvara óleyfilegar nema framleiðendur hefðu fengið til þess sérstakt leyfi Matvælastofnunar (áður Umhverfisstofnunar). Ný reglugerð sem fjallar um heilsufullyrðingar tók gildi á Íslandi 28. apríl síðastliðinn þar sem heilsufullyrðingar á umbúðum, í auglýsingum og kynningu matvara eru leyfðar að því gefnu að þær séu studdar vísindalegum rannsóknum sem sýni fram á þá virkni sem fullyrt er um. Eins verða allar heilsufullyrðingar að vera á sérstökum lista Evrópusambandsins yfir leyfðar fullyrðingar. Þori ég að fullyrða að ofangreindar heilsufullyrðingar eru ekki á lista sambandsins. Hver ætlar að stöðva þessa vitleysu? Hvað er búið að selja mikið af þessum engiferdrykk á fölskum forsendum og hvert eiga menn að leita ef kólesterólið

lækkar ekki þrátt fyrir að borðaður sé jógúrtis?

Heilbrigðiseftirlitið á að sinna eftirliti með merkingum matvæla og þar með heilsufullyrðingum á umbúðum matvæla sem og auglýsingu og kynningu á matvörum. Eftirlitið vinnur í umboði Matvælastofnunar. Undirrituð sendi fyrir viku tölvupóst til Matvælastofnunar og

» Fjöldinn allur af heilsufullyrðingum á umbúðum og í kynningu matvara hellist yfir þjóðina, fullyrðingar sem eru samkvæmt reglugerð óleyfilegar.

óskaði eftir svörum við því hver bæri ábyrgð á því að reglugerð um heilsufullyrðingar yrði framfylgt en fátt varð um svör. Búið er að leggja í kostnað vegna þýðingar Evrópu-reglugerðarinnar og ef við, neytendur, eigum ekki að njóta góðs af því sem þar er sett fram þá finnst mér peningunum illa varið. Hvar er eftirlitið?

Kæru framleiðendur og innflytjendur matvæla. Ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur vel reglugerðir um heilsufullyrðingar á umbúðum, í kynningu og auglýsingu matvæla. Þó er ég hrædd um að eina hvötin þurfi að vera sú að þið berið virðingu fyrir okkur neytendum, því litlar líkur verða að teljast á því að þið fáið eitt hvert aðhald frá eftirlitsaðilum landsins.

Höfundur er prófessor við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.